

Mánudaginn 1. júnímán.

Nr. 15/1885.

Rjettvísinn

gegn

Hermanni Eiríkssyni.

D ó m u r:

Með aukabingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, kveðnum upp 9. febr. þ. á., er Hermann Eiríksson dæmdur fyrir að hafa fótbrotið mann, eptir 208. gr. hegningarlagaanna í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða Jóni Jónssyni Austmann í lækningar-kostnað og fyrir atvinnumissi 50 kr., og til að borga allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða skotið til landsyfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hins ákærða, og öðrum skýrslum, að hann kvöldið 5. jan. þ. á. hafi lent í áflogum við Jón Jónsson Austmann á götum bæjarins þrisvar sinnum hvað eptir annað og sitt á hverjum stað; í fyrsta tvö skiptin fleygðu þeir hvor öðrum niður án þess að neitt slys hlytist af, en í síðasta skiptið varð Jón Jónsson undir, og lenti með fótinn á rennubrún, svo að bæði beinin í fótleggnum brotnuðu rjett fyrir ofan öklann. Báðir hlutaðeigendur voru nokkuð drukknir við áminnst tækifæri, Jón Jónsson þó meira, og ber þeim ekki saman um, hvor þeirra hafi haft upptökin til áfloganna, en eptir því sem næst verður komizt, mun hin síðasta viðureign þeirra, sem orsakaði fótbrotið, hafa verið eins mikið Jóni að kenna. Hinn ákærði hefur stöðugt borið, og er engin ástæða til að rengja það,

að hann alls ekki hafi ætlað að gjöra Jóni neitt mein, og að það hafi verið alveg að óvilja sínum, að hann fótbrotnaði. Eptir vottorði hlutaðeigandi hjeraðslæknis, sem yfirdómurinn hefur útvegað, er fótbrott Jóns gróid, og þó fóturinn sje honum enn nokkuð stíður, þá muni hann innan skamms verða albata og brotið ekki verða honum að neinu meini.

Þetta afbrot hins ákærða ber að heimfæra undir 205. gr. hegningarlaga, og virðist hegningin fyrir það eptir öllum málavöxtum hæfilega metin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga, og ber því að breyta hjeraðsdómnum samkvæmt því, að því er hegninguna snertir, en að öðru leyti, bæði um endurgjald fyrir lækningarkostnað og atvinnumissi og greiðslu málskostnaðar í hjeraði ber að staðfesta hann. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmeitt.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn ákærði, Hermann Eiríksson, á að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga, að öðru leyti á hjeraðsdómurinn óraskaður að standa. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Franz

Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. júnímán.

Nr. 18/1885.

Rjettvísinn
gegn
Jóni Guðnasyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 20. aprílmán. síðastl., var hinn ákærði, Jón kaupmaður Guðnason, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi til að sæta betrunarhússvinnu í 1 ár og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, alþingismanns Egilssons, 10 krónur.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Jóns kaupmanns Guðnasonar, og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað:

1. Að hinn ákærði hefur veðsett kaupmanni einum í Liverpool á Englandi með veðbrjefi, dags. 20. febr. 1882, skip, nefnt „Elliði“, er hann kvaðst einn eiga, og sem hann sagði laust við eignaræða veðbönd, og sem kaupmaðurinn skyldi mega selja, jafnvel ákærða óafvitandi, ef hann ekki stæði í skilum við kaupmanninn með skuld þá,